

Nemaleyfisnefnd fyrir kjólasaum og klæðskurð almennar starfsreglur

Í reglugerð um starfsþjálfun og vinnustaðanám nr. 840/2011 er fjallað um viðurkenningu á vinnustöðum til þess að taka nema á námssamning. Þar segir m.a:

Starfsgreinaráð halda skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem uppfylla skilyrði sett samkvæmt reglugerð þessari og í almennum ákvæðum aðalnámskrár um vinnustaðanám. Starfsgreinaráð geta komið á fót nemaleyfisnefndum til þess að fara yfir umsóknir einstakra fyrirtækja eða meistara um heimild til að taka nemendur í starfsþjálfun eða á námssamning og afgreiða þær. Mennta- og menningarmálaráðherra setur nemaleyfisnefndum erindisbréf.

Í samræmi við þessi ákvæði hefur verið komið á fót nemaleyfisnefnd í kjólasaum og klæðskurði. Henni var falið að setja reglur um lágmarkskröfur sem verkstæði/fyrirtæki þurfa að uppfylla til þess að fá nemaleyfi í greininni.

Fyrirtæki sem óska eftir að gera námssamning við nema í kjólasaum og/eða klæðskurði senda umsókn um nemaleyfi til ÍÐUNNAR fræðsluseturs, Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Nemaleyfisnefnd í kjólasaum og klæðskurði mun yfirfara umsóknir og meta hvort viðkomandi fyrirtæki uppfylli kröfur um að hafa nemendur á námssamningi í iðninni.

Vakin er athygli á ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978 þar sem segir að aðeins meistarar, sveinar og nemar í iðninni hafi rétt til að starfa í löggilttri iðngrein, kjólasaum og klæðskurði. Nemi má ekki starfa sjálfstætt að eigin verkefnum og selja á markaði á meðan á námi stendur.

Reglur um nemaleyfi í kjólasaum og klæðskurð:

Kröfur til fyrirtækis eru eftirfarandi:

1. Fyrirtæki skal hafa yfir að ráða vinnustað eða verkstæði með fullnægjandi aðstöðu ásamt vélum, tækjum, áhöldum og búnaði sem verkstæði í kjólasaum og klæðskurði útheimtir. Verþættir vinnustaðanáms eru tilgreindir nánar í umsóknareyðublaði um nemaleyfi og ferilbók vinnustaðanáms.
2. Fyrirtæki skal hafa á að skipa hæfum tilsjónarmanni sem fengið hefur þjálfun í leiðbeiningu nýliða, býr að góðri færni í mannlegum samskiptum og hefur yfirsýn yfir helstu verkefni fyrirtækisins. Tilsjónarmaður skal vera sveinn eða meistari í greininni.
3. Fyrirtæki skal hafa með höndum nægilega fjölbætt verkefni á starfssviði sínu til að geta annast kennslu samkvæmt námskrá í kjólasaum og klæðskurði og ferilbók vinnustaðanáms í greininni.

4. Fyrirtæki hafi fastráðinn iðnmeistara í kjólasaum eða klæðskurði í fullu starfi. Viðkomandi þarf að hafa leyst til sín meistarabréf í iðngreininni.
5. Iðnmeistari í kjólasaum eða klæðskurði skal ábyrgjast að verkþáttum vinnustaðanáms sé framfylgt í samvinnu við tilsjónarmann nemans, sjá nánar kaflann um skyldur iðnmeistara.
6. Heimild er að veita tímabundið nemaleyfi fyrir fyrirtæki ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - a) Háskólamenntaður fatahönnuður sé launaskrá hjá fyrirtækinu ásamt sveini í klæðskurði eða kjólasaum.
 - b) Sveinn í kjólasaum eða klæðskurði er í þeim tilvikum skipaður tilsjónarmaður nemans og skal sjá til þess að viðkomandi nemi hljóti þjálfun í samræmi við kröfur námskrár og vinnustaðanáms í greininni.
 - c) Sveinar eða sveinn í kjólasaum og klæðskurði séu starfandi í fullu starfi hjá fyrirtækinu, ef um er að ræða hlutastarf hjá sveini þá verður starfshlutfall nemans það sama og viðkomandi sveins og tímalengd vinnustaðanámsins breytilegt sem því nemur.
 - d) Sveinn í kjólasaum eða klæðskurði og fatahönnuður með háskólamenntun bera sameiginlega ábyrgð á að verkþáttum vinnustaðanámsins sé framfylgt.

Nemaleyfi er í þessum tilvikum einungis veitt tímabundið, það bundið við tiltekin nema og einungis út námstíma viðkomandi einstaklings.

7. Á hverjum vinnustað má mest vera einn nemi á móti hverjum iðnaðarmanni í 100% stöðu í greininni. Skipti tveir iðnaðarmenn eða fleiri með sér 100% stöðu þá veitir það einnig heimild til að taka nema að því gefnu að sveinn í greininni sé ávallt til staðar á vinnustaðnum.
8. Nemi má aldrei sinna verkefnum einn á vinnustað.
9. Þegar fyrirtæki hefur fengið nemaleyfi ber tilsjónarmönnum nema að sækja námskeið um móttöku nema í vinnustaðþjálfun.

Skyldur iðnmeistara og fyrirtækis:

Fyrirtæki skuldbindur sig með gerð námssamnings til að veita nemanda kennslu í kjólasaum eða klæðskurð á vinnustað. Iðnmeistari og tilsjónarmaður í kjólasaum og klæðskurði skal fyrir hönd fyrirtækis sjá til þess að neminn hafi að námstíma loknum hlotið alhliða þjálfun í öllum störfum faggreinarinnar og hafi tileinkað sér meðferð, hirðingu og beitingu þeirra efna, áhalda og tækja sem notuð eru í starfsgreininni og eins og krafist er í ferilbók vinnustaðanáms. Þá skal þess gætt að nemandi hafi tamið sér virðingu fyrir starfi sínu og faglega sýn á þau viðfangsefni sem starfið tekur til.